

## GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald.

#### Vatnsgjald.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

#### Stofn til álagningar vatnsgjalds.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,27% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

#### Gjalddagar.

3. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

#### Notkunargjald.

4. gr.

Notkunargjald er 28,6 kr./m<sup>3</sup> miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 497 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

#### Mælaleiga.

5. gr.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	6.240 kr.
20-24 mm	8.290 kr.
25-31 mm	10.440 kr.
32-39 mm	12.480 kr.
40-49 mm	16.680 kr.
50-74 mm	50.150 kr.
75-99 mm	54.350 kr.
100 mm og stærri	58.540 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 497 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

#### Heimæðargjald.

6. gr.

<i>Utánmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	224.370 kr.	4.800 kr./m
40 mm	291.350 kr.	5.470 kr./m
50 mm	392.930 kr.	6.140 kr./m
63 mm	551.440 kr.	7.590 kr./m
75 mm	771.340 kr.	10.600 kr./m
90 mm	933.210 kr.	16.740 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 497 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

#### **Ábyrgð á greiðslu gjalda.**

7. gr.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 228/2009.

*Ísafirði, 4. janúar 2010.*

**Haldór Halldórsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2010